

um frv. til l. um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hluti n., stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar, vill samþykkja frv. óbreytt, en minni hl., fulltrúar Framsóknarflokksins og Alþýðubandalagsins eru ósamþykkir frv. og vilja afgreiða það með rökstuddri dagskrá.

Efni frv. má í aðalatriðum skipta í þrjá meginkafla. Fyrsti kaflinn fjallar um ákvörðun fiskverðs og hlutaskiptakjör sjómanna. Annar kaflinn er um útflutningsgjald af sjávarafurðum, og sá þriðji er um ráðstöfun á gengishagnaði þeim, sem til fellur af þeim birgðum sjávarafurða, sem framleiddar höfðu verið fyrir gengisbreytingardag.

Sá kaflinn, sem fjallar um fiskverð og hlutaskiptakjör sjómanna, gerir ráð fyrir stórfelldum breytingum á hlutaskiptasamningum sjómanna og útgerðarmanna. Þar er ákveðið, að greiða skuli í Stofnfjár sjóð fiskiskipa 10% af fiskverði og þó 20% af verðmæti síldar- og humarafa, og skuli þær greiðslur teknar af fiskverði, áður en hlutur sjómanna er reiknaður úr aflaverðinu.

Í þessum kafla er einnig ákveðið, að greiða skuli beint til útgerðar sem nemi 17% af fiskverði vegna hlutdeildar í útgerðarkostnaði og skuli sú greiðsla ekki koma til hlutaskipta. Á þennan hátt er gert ráð fyrir að taka 27—37% af lönduðu aflaverðmæti af óskiptu og skylda þannig sjómenn til hluttöku í almennum rekstrar-kostnaði útgerðarinnar.

Ákvæði þessi raska í grundvallaratriðum hlutaskiptasamningum sjómanna og útgerðarmanna, sjómönnum í óhag.

Sjómenn hafa þegar mótmælt þessum ákvæðum og lýst yfir, að þeir muni ekki una slíkum kjaraskerðingarlögum.

Vegna harðrar andstöðu sjómanna hefur ríkisstjórnin þegar gert þá breytingu á frumvarpinu, að þeir kjarasamningar sjómanna, sem í gildi eru, skuli vera uppsegjanlegir án fyrirvara þegar eftir samþykkt lagafrumvarpsins.

Það má því telja fullvíst, að fyrstu afleiðingar af samþykkt þessa frumvarps muni verða þær, að allir kjarasamningar við sjómenn falli úr gildi og síðan hefjist deilur um nýja kjarasamninga. Nýir samningar yrðu að byggjast á grundvelli hinna nýju laga, en af því leiðir, að sjómenn hlytu að gera kröfur um gjörbreytt hlutaskipti frá því, sem verið hefur.

Það er álit minni hl., að ákvæðin í fyrsta kafla frv., sem fjalla um launakjör sjómanna, séu ósanngjörn í garð sjómanna, sem sannanlega hafa orðið fyrir meira tekjutapi en flestir aðrir, og auk þess séu þau ekki framkvæmanleg vegna harðrar andstöðu sjómannastéttarinnar.

Í öðrum kafla eru nýjar reglur um útflutningsgjald af sjávarafurðum. Gert er ráð fyrir sex mismunandi gjaldstigum, frá um 3% til 8%. Gjaldstigar þessir eru ekki í neinu samræmi við greiðslugetu þeirra, sem í hlut eiga.

Það er t. d. harla einkennilegt að gera ráð fyrir því að taka hæst útflutningsgjald af síldarlýsi, þó að vitað sé, að það hefur fallið meir í verði en nokkur önnur útflutningsvara, og þó að fyrir liggi, að styrkja þurfi með sérstökum greiðslum framleiðendur þessarar vöru.

Minni hl. n. telur, að útflutningsgjald þetta þurfi að taka til rækilegrar endurskoðunar og þá ekki síður þau ákvæði, sem í gildi eru um ráðstöfun þess.

Þriðji kafli frv. er um ráðstöfun á gengishagnaði af birgðum sjávarafurða.

Áætlað er, að gengishagnaðurinn muni nema alls um 740 milljónum króna. Gert er ráð fyrir, að fjárhæð þessari verði varið til ýmiss konar málefna sjávarútvegsins. Í ýmsum greinum er gert ráð fyrir, að þessu fé verði varið til greiðslu á skuldbind-

ingum, sem ríkissjóður hafði tekið að sér að greiða. Má þar nefna greiðslu í Verð-
jöfnunarsjóð fiskiðnaðarins 30 milljónir, sérstakar uppbætur á saltfisk 40 milljónir,
sérstakar bætur til sildveiðiskipa og til síldarverksmiðja.

Það vekur athygli við ráðstöfun á þessum gengishagnaði, að mestur hluti hans
mun renna til síldarútvegsins og til útgerðar stærri fiskiskipa.

Smábátaútvegurinn fær sáralítið í sinn hlut af gengishagnaðinum, en á þó að
sjálfsögðu sinn hluta af afurðabirgðunum, sem gengishagnaðurinn kemur frá.

Minni hl. telur, að skipta hefði átt gengishagnaðinum á annan hátt en lagt er
til í frumvarpinu.

Það er skoðun minni hl., að samþykkt frv. mundi ekki leysa þann vanda, sem
við er að eiga í sjávarútvegsmálum.

Minni hl. telur, að óhugsandi sé að rétta við hag útgerðarinnar á þann hátt að
lækka tekjur sjómanna, eins og að er stefnt í frv. Hann telur hins vegar, að rétt
hefði verið að styðja útgerðina, m. a. með ráðstöfunum, sem miðað hefðu til lækk-
unar á rekstrarkostnaði og lækkun ýmiss konar gjalda, sem nú hvíla á rekstrinum.

Af framangreindum ástæðum leggur minni hl. til, að frumvarpið verði afgreitt
með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem ljóst er, að samþykkt frumvarpsins getur leitt til ófriðar á vinnumark-
aðnum og stöðvun fiskveiða á komandi vertíð, sem mundi hafa hinar örlagaríkustu
afleiðingar fyrir íslenskan þjóðarbúskap, ályktar deildin að vísa frumvarpinu frá
og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 19. des. 1968.

Björn Pálsson,
frsm.

Lúðvík Jósefsson.

Jón Skaftason.